

## REGLUR

### um undanþágur frá auglýsingaskyldu vegna ráðningar í störf við Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

##### *Markmið og gildissvið.*

Reglum þessum er ætlað að setja ramma um það hvernig beita skuli heimildum laga til þess að ráða í störf við Háskóla Íslands þegar vikið er frá meginreglunni um auglýsingaskyldu á lausum störfum við stofnanir ríkisins.

Reglurnar gilda þegar til greina kemur að beita undanþáguákvæðum 7. mgr. 12. gr. laga nr. 41/1999, um Háskóla Íslands.

Um undantekningar frá auglýsingaskyldu vegna framgangs, afleysinga, hlutastarfa og fleiri atriða gilda ákvæði 36. gr. reglna nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands.

#### 2. gr.

##### *Skilyrði fyrir undanþágu frá auglýsingaskyldu.*

Óheimilt er að taka ákvörðun um ráðningu í starf við Háskóla Íslands á grundvelli undanþágu frá auglýsingaskyldu nema öll eftirfarandi atriði eigi við:

- a) Starfið sé á vettvangi háskóladeildar eða stofnunar, sem skilgreint hafi það með tilliti til meginreglna um hæfniskröfur og starfsskyldur.
- b) Starfið sé tímabundið og lengst til fimm ára.
- c) Fyrir liggi umsögn fjármálanefndar háskólaráðs um fjárhagslegan grundvöll starfsins, starfsaðstöðu sem það krefst og önnur slík atriði.
- d) Fyrir liggi að deild eða stofnun hafi rökstudda ástæðu fyrir því að undanþiggja starfið auglýsingu, sbr. 3. gr.
- e) Fyrir liggi hæfnisdómur dómnefndar þegar í hlut á starf prófessors, dósent, lektors, sérfræðings, fræðimanns eða vísindamanns, sbr. 2. mgr. 4. gr.

#### 3. gr.

##### *Nánari skilyrði.*

Auk skilyrða 2. gr. skal eitthvert neðangreindra atriða eiga við:

- a) Að styrkur hafi verið veittur háskóladeild eða stofnun til þess að standa straum af tímabundnu verkefni við kennslu og/eða rannsóknir, sem tengt er tilteknum aðila.
- b) Að háskóladeild eða stofnun sé þátttakandi í tímabundnu rannsóknaverkefni með utanaðkomandi aðilum.
- c) Að unnið sé að verkefni í rannsóknatengdu framhaldsnámi.
- d) Að fyrir liggi gildur samstarfssamningur sem Háskóli Íslands er aðili að, enda hafi samningurinn að geyma ákvæði um starfstengsl á grundvelli 1. mgr. 11. gr. laga um H.Í. og 30. gr. reglna fyrir H.Í.

#### 4. gr.

##### *Boð um starf og ákvörðun um ráðningu.*

Ef skilyrði 2. og 3. gr. eru uppfyllt getur rektor ákveðið að bjóða starf án þess að það hafi verið auglýst. Sama gildir um þá sem fara með ráðningarvald í umboði rektors eða á grundvelli reglna settra af háskólaráði.

Engum má bjóða eða veita starf prófessors, dósent, lektors, sérfræðings, fræðimanns eða vísindamanns nema meirihluti dómnefndar hafi áður látið það álit í ljós að viðkomandi sé hæfur til að gegna starfinu.

Upplýsingar um ráðningarkjör skulu veittar samhliða boði um starf, sbr. reglur nr. 351/1996, um form ráðningarsamnings og skyldu til að upplýsa starfsmenn um ráðningarkjör, og ákvæði 35. gr. reglna fyrir H.Í. eftir því sem við á. Ef skilyrði a- eða d-liðar 3. gr. eru uppfyllt, skal þess getið, að gildur samstarfssamningur eða kostun styrktaraðila sé forsenda ráðningar og að ráðningarsamningur komi til endurskoðunar ef sú forsenda breytist á ráðningartímanum.

Eftir að gengið hefur verið frá ráðningarsamningi, skal orðið við beiðnum um rökstuðning fyrir ákvörðun um ráðningu.

5. gr.

*Framlenging ráðningarsamnings.*

Ráðningarsamningur sem gerður er skv. 4. gr. skal vera tímabundinn og lengst til fimm ára. Sé ráðningarsamningur gerður til skemmri tíma en fimm ára er heimilt að framlengja samninginn þar til fimm ára markinu hefur verið náð. Óheimilt er hins vegar að framlengja samninginn fram yfir fimm ára markið, eða breyta honum í ótímabundinn samning.

Að öllu jöfnu verður nýr eða endurnýjaður ráðningarsamningur um starf ekki gerður nema að undangenginni auglýsingu.

6. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 11. maí 2006.*

**Kristín Ingólfssdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Þórður Kristinsson.*